

## **Stjórnarfundur í foreldrafélagi Grunnskólans á Hólmavík**

**22. febrúar 2011 kl 17 í Þróunarsetrinu á Hólmavík**

**Mættir:** Jónas Gylfason, Kristinn Schram, Kristín Sigurrós Einarsdóttir, Viktoría Rán Ólafsdóttir og María Mjöll Guðmundsdóttir

### 1. Bolludagur:

- Bekkjarfulltrúar hringja út í hina foreldra bekkjarins og biðja um bollur.
- Bolludagsnefnd hringir út og selur bollur í fyrirtækin. Hún er skipuð þremur bekkjarfulltrúum í ár sem eru þær Ingibjörg Sigurðardóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir og Jóhanna Guðbrandsdóttir
- Sameiginlega bera nefndin og aðrir fulltrúar ábyrgð á að fá sjálfboðaliða til að setja inn í bollur, versla inn rjóma, sultu og efni í glassúr og fá aðstöðu í félagsheimilinu.

### 2. Öskudagur:

Það sem þarf að gera:

- Panta nammi - Jónas
- Gera tunnu - Stína finnur manneskju í það (t.d. Ástu Þóris)
- Redda tónlist - Stína talar við Darra í 10. Bekk
- Stjórna marseringu og aðkomu að tunnunni-Kristinn talar við Söbbu
- Panta félagsheimili - Jónas gerir það
- Ábyrgð á frágangi í félagsheimili - Viktoría og María Mjöll taka það að sér.

### 3. Erindi frá Þorsteini Hauki í Súðavík (Skunda litla)

- Kristinn tekur að sér að senda honum tölvupóst, taka jákvætt í erindi hans um forvarnarfund 16. mars og spyrjast fyrir um kostnað og slíkt.

### 4. Starf bekkjarfulltrúa:

- Sumir hafa staðið fyrir viðburðum, t.d. gönguferð eða spiladagur í félagsheimili og hefur það gefist vel. Eru þetta einkum yngstu bekkirnir. Ýta þarf við hinum að gera svipað og benda þeim á möguleika á styrk frá foreldrafélaginu t.d. fyrir íþróttanammi.
- Stína tekur einhver að sér að senda tölvupóst um þetta mál.

### 5. Jólaföndur 2010:

Farið yfir það sem betur mátti fara og hvað tókst vel.

- Föndurefni: Viktoría keypti helmingi fleiri pakkningar en árið á undan, en samt kláraðist allt strax. Ekki var hægt að skila umfram keyptum pakkningum, en jafnvel má kaupa helmingi

meira! Viktoría tók út í reikning hjá Strandabyggð sem er með 25% afslátt hjá A4. María telur að föndrið hafi komið nokkurn veginn út á sléttu.

- Vöflubakstur: Stína gerði vöfludeig (5 eða 7 falda uppskrift) og aðstoðaði Bjarna við baksturinn ásamt Einari. Einnig voru Kristinn og Jói í eldhúsinu að þeyta rjóma. Ekki veitti af þessum mannskap og allt seldist, hefði líklega verið hægt að selja meira.
- Stjórnin er sammála um að mæta þurfi fyrir og undirbúa, t.d. þarf að vera búið að sníða fyrirfram, verðmerkja allt og vera ljóst hvað er innifalið í hverri pakkningu. Fólk er að mæta snemma, kannski þarf að byrja fyrir að deginum (t.d. kl 17 en ekki 18).
- Siggi Marri var jólasveinn og gladdi börn með mandarínnum (sem KSH gaf?).
- Ræddar hugmyndir um eitthvað sem gæti komið í stað jólaföndurs, t.d. laufabrauðsgerð eða piparkökugerð í hinu nýja eldhúsi í félagsheimilinu.

#### 6. Aðild að Heimili og skóli:

- Kristinn minnti á að á síðasta aðalfundi hefði verið samþykkt að ganga í samtökin heimili og skóli. Viktoría tekur að sér að ganga frá þeirri skráningu og athuga hvað kostar að fá fleiri eintök af foreldrabankanum (möppunni).

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18.

Kristín Sigurrós ritaði fundargerð.